

390. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:15.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszek
 Fríða Sveinsdóttir
 Margrét Vilhjálmsdóttir í fjarveru MSS
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna, sér í lagi Margréti Vilhjálmsdóttur sem er að sitja sinn fyrsta bæjarstjórnarfund. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 4. lið, bréf frá Hagvangi vegna ráðningar skólastjóra. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Á fundinn mætti Heimir Berg og kynnti viðburð sem fyrirhugað er að halda í tilefni af almyrkva á sólu í ágúts 2026. Viðburðarhaldarar hafa óskað eftir viðbrögðum bæjarstjórnar varðandi val á staðsetningu viðburðarins. Bæjarstjórn leist vel á hugmyndina og fól stjórnendum sveitarfélagsins að halda áfram með samtalið.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Fundargerð 356. fundar bæjarráðs, dags. 19. mars 2025.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2) Fundargerð 357, fundar bæjarráðs, dags. 9. apríl 2025. Lögð fram á fundinum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024. Fyrri umræða.

Á fundinn mætti Marínó Mortensen frá Deloitte og var hann boðinn velkominn.

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klífi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jadar.

Fór Marínó yfir helstu tölur í ársreikningi 2024.

Svaraði hann spurningum bæjarfulltrúa og varð nokkur umræða um reikninginn að yfirferð lokinni.

Var nú Marínó þökkúð koman og vék hann af fundi.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningi Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024, til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 8. maí 2025.

4) Ráðning skólastjóra.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram bréf ráðningarnefndar ásamt greinargerð Hagvangs sem sá um ferlið og mat á umsækjendum. Fimm umsóknir bárust um starfið. Eftir að hafa metið umsóknir mælti Hagvangur með að 3 af umsækjendum yrðu boðaðir í viðtal. Einn af þeim dró umsókn sína til baka. Tveir umsækjendur komu því í viðtöl við Hagvang og ráðningarnefnd Snæfellsbæjar, fyrst á Teams en síðan í eigin persónu. Var að því loknu Hagvangi falið að meta umsóknirnar eftir viðtölin og að því loknu mælti Hagvangur með því að Vilborg Lilja Stefánsdóttir yrði ráðin í starf skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Ráðningarnefnd Snæfellsbæjar samþykkti mat Hagvangs og mælir því með því við bæjarstjórn að gengið verði til samninga við Vilborgu Lilju Stefánsdóttur.

Bæjarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like BTH, Au, and others.

- 5) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 10. mars 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 24. mars 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð 191. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. apríl 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerð 20. fundar öldungaráðs, dags. 3. apríl 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 9) **Fundargerð aðalfundar Búnaðarfélags Staðarsveitar, dags. 24. mars 2025, ásamt ályktun fundarins.**
Eiríkur vék af fundi undir þessum lið.
Snæfellsbær mun taka þátt í þessu verkefni á sama hátt og verið hefur, í samvinnu við Búnaðarfélagið.
Eiríkur kom nú aftur inn á fundinn.
- 10) **Fundargerð 186 fundar stjórnar SSV, dags. 29. janúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð 229. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 4. febrúar 2025.**
Lagt fram til kynninga.
- 12) **Fundargerð 194. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 10. mars 2025**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundargerðir stjórnar SÍS, nr. 964., 970., 971. og 972.. dags. 7. febrúar, 25. febrúar, 28. febrúar og 11. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Bréf frá forstöðumanni Afdreps, dags. 2. apríl 2025, varðandi kostnaðaráætlun við Ævintýranámskeið sumarið 2025.**
Bæjarstjórn myndi vilja fá nánari útlitun á því hver kostnaðurinn er sem falla myndi á sveitarfélagið.
Í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti vantar t.d. kostnað vegna rútufurða.
Bæjarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins þar til nánari kostnaðaráætlun liggur fyrir.
- 15) **Bréf frá Þór Magnússyni og Ægir Þór Þórssyni, dags. 24. mars 2025, varðandi varmadætur á Gufuskála.**
Þessi framkvæmd er kostnaðarsöm og ekki inni í fjárhagsáætlun ársins 2025. Bæjarstjórn bendir því á að send verði önnur beiðni með nánara kostnaðaryfirliti yfir búnað og uppsetningu varmadæla á haustmánuðum þegar farið verður í vinnu við fjárhagsáætlun 2026.
- 16) **Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 1. apríl 2025, varðandi ósk um fund til að ræða möguleika á sameiningu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.**
Bæjarstjórn samþykkti að bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar mæti á þennan fund.
- 17) **Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 3. apríl 2025, varðandi nýjar samþykktir EBÍ og breytingar á kjöri í fulltrúaráð EBÍ.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Bréf frá Bjarmalandi, félagi atvinnuveiðimanna í ref og mink, dags. 22. mars 2025, varðandi samræmda stefnu sveitarfélaga um launataxta.**
Lagt fram til kynningar.
- 19) **Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna, dags. 6. maí 2025.**
Lagt fram til kynningar.


- 20) **Fáliðunarstefna Leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til yfirstandandi greiningarvinna hefur farið fram.
- 21) **Umsögn Snæfellsbæjar um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um veiðigjald, dags. 3. apríl 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 22) **Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2025.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagða húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2025.
- 23) **Reglur um garðslátt fyrir eldri borgara (70+) og öryrkja.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagðar reglur um garðslátt.
- 24) **Sjálfbærnistefna Snæfellsness 2025-2034 og Aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar vegna sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034. Vísað til bæjarstjórnar úr bæjarráði.**
Bæjarstjórn staðfestir aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar og sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034 fyrir sitt leyti.
- 25) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2025.
 - Bæjarstjóri fór yfir laun í vinnuskólanum sumarið 2025.
 - Bæjarstjóri ræddi tölvumál.
 - Bæjarstjóri ræddi málefni Jaðars.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35



Björn H Hilmarsson



Jónína Björg Óttarsdóttir


Michael Gluszuk



Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Margrét Vilhjálmsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari